

FRÉTTABRÉF HÖRGÁRSVEITAR

13. maí 2026 | 17. árgangur 8. tölublað



FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

Kosning utan kjörfundar - sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026

Akureyri, Strandgötu 1 (Landsbankahúsið við Ráðhústorg),

alla virka daga og á Uppstigningardag kl. 10:00 - 18:00.

Um helgar kl. 11:00 - 15:00.

Á kjördag kl. 10:00 - 17:00.

Sjá nánar **HÉR**

Vöflukaffi á kjördag 16. maí

Nemendur 8.-9. bekkjar verða með vöflukaffi í Pelamerkurskóla á kjördag frá kl. 13-16 til styrktar ferðasjóði.

7 ára og eldri 1500 kr. 0-6 ára frítt.

Ekki posi á staðnum en hægt að millifæra.

Sæludagur í Hörgársveit

Sköpum minningar!

Sæludagurinn í Hörgársveit er handan við hornið – laugardaginn 20. júní!

Nú er tækifærið til að hafa áhrif á dagskrána og gera daginn alveg eins og við viljum hafa hann.

Hvað langar þig að sjá?

Leiki, tónlist, markað, uppákomur
– eða eitthvað alveg nýtt?

Sendu okkur þína hugmynd **HÉR**
og taktu þátt í að skapa daginn!



Sveitarstjórnarkosningar í Hörgársveit 16. maí 2026



Sveitarstjórnarkosningar í Hörgársveit fara fram í
Pelamerkurskóla laugardaginn 16. maí 2026

Kjörfundur hefst kl.10:00 og lýkur kl.22:00



Kjósendur eru beðnir um að hafa tiltæk
skilríki til að gera grein fyrir sér.



Að loknum kjörfundi fer fram talning í
Pelamerkurskóla.



Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram
hjá Sýslumanninum á Akureyri sem auglýsir
nánar um opnunartíma.

Kjörstjórn Hörgársveitar

D-listi

1. Árni Rúnar Örvarsson
2. Katrín Olsen Björnsdóttir
3. Jónas Þór Jónasson
4. Aðalsteinn Heiðmann Hreinsson
5. Björg Ingadóttir
6. Sýlvía Sól Guðmundsdóttir
7. Björgvin Helgason
8. Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir
9. Áslaug Ólöf Stefánsdóttir
10. Guðmundur Sturluson

G-listi

1. Sunna María Jónasdóttir
2. Róbert Fanndal Jósavínnson
3. Kolbrún Lind Malmquist
4. Jóhanna María Oddsdóttir
5. Agnar Þór Magnússon
6. Jónas Davíð Jónasson
7. Eva Hilmarsdóttir
8. Ásgeir Már Andrés�on
9. Arnar Ingi Tryggvason
10. María Albína Tryggvadóttir

H-listi

1. Bjarki Brynjólfsson
2. Ásta Hafberg
3. Huguún Lísá Heimisdóttir
4. Jón Þór Benediktsson
5. Sveinn Brimar Jónsson
6. Jenný Dögg Heiðarsdóttir
7. Vikar Mar Valsson
8. Huguún Pála Birnisdóttir
9. Sigurður Pálsson
10. Eduarda Louize

Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Þriðjudaginn 12. maípríl 2026 kl. 8:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Pelamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Ásrún Árnadóttir, Jón Þór Benediktsson, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

1. Skipulags- og umhverfisnefnd Hörgársveitar - 123 - 2605001F

Fundargerðin er í 4 liðum og þarfnast þeir allir afgreiðslu sveitarstjórnar.

1.1 H2604035 - Hjalteyri ehf. - Umsókn um stækkun lóðar

Erindi frá Hjalteyri ehf. þar sem óskað er eftir stækkun núverandi lóðar félagsins, Verksmiðjulóðarinnar L220670, á Hjalteyri sbr. meðfylgjandi uppdrátt sem sýnir fyrirhugaða stækkun og afmörkun svæðisins. Fram kemur að markmið stækkunarinnar sé m.a. að skapa betri forsendur til lagfæringa á fjöru sunnan við húsnæði félagsins, bæta aðgengi almennings að strandlengjunni og stuðla að áframhaldandi uppbyggingu svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkti að kallað verði eftir deiliskipulagsbreytingarblaði og að erindinu verði vísað í grenndarkynningu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt verði að stytta grenndarkynningartímabilið ef allir hagsmunaaðilar lýsa því yfir skriflega að ekki sé gerð athugasemd við framkvæmdina. Ef ekki berast andmæli á grenndarkynningartímabilinu teljist áformin samþykkt. Bent er á að ef lóðarstækkunin verður samþykkt að lokinni grenndarkynningu þarf lóðarhafi að láta merkjalýsa lóðina. Svo breytt lóð kallar á nýjan lóðarleigusamning þar sem m.a. komi fram kvöð um áframhaldandi aðgengi almennings að svæðinu.

1.2 H2305001 - Aðalskipulag Hörgársveitar endurskoðun

Skipulagstillaga endurskoðunar Aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044 var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var auglýsingatímabilið frá 18. mars til 30. apríl sl. 25 umsagnir bárust á auglýsingatímabilinu og voru þær teknar til umfjöllunar og afgreiðslu sveitarstjórnar. Farið var yfir hverja athugasemd fyrir sig og þeim svarað eins og fram kemur hér að neðan.

Erindin og afreiðslur þeirra má nálgast HÉR

Sveitarstjórn samþykkti að auglýstri aðalskipulagstillögu verði breytt eins og fram kemur í afgreiðslu hennar á athugasemdum og samþykkti svo breytta skipulagstillögu skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að vinna að gildistöku skipulagsins og senda það til HMS þegar uppfærð gögn liggja fyrir.

1.3 H2603015 - Skógarhlíð 35 - stækkun lóðar

Tekið fyrir að nýju erindi frá lóðarhöfum Skógarhlíðar 35 (L179890) þar sem óskað er eftir stækkun lóðarinnar til norðurs um u.þ.b. 4,6 m. Erindið var áður tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar 30. mars 2026 þar sem samþykkt var að kalla eftir deiliskipulagsbreytingarblaði. Nú liggja fyrir umbeðin gögn vegna breytingarinnar. Sveitarstjórn samþykkti breytingu á deiliskipulagi Lónsbakka vegna Skógarhlíðar 35, til samræmis við fyrirbyggjandi erindi. Breytingin er óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal grenndarkynnt.

1.4 H2603016 - Sólgarður L152369 - stækkun byggingarreits og fyrirhugaðar framkvæmdir

Tekið fyrir að nýju erindi lóðarhafa Sólgarðs (L152369) um breytingu á deiliskipulagi Hjalteyrar. Erindið var áður tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar 30. mars 2026 þar sem samþykkt var að kalla eftir deiliskipulagsbreytingarblaði sem lagt yrði fyrir sveitarstjórn. Nú liggja fyrir umbeðin gögn vegna breytingarinnar.

Sveitarstjórn samþykkti breytingu á deiliskipulagi Hjalteyrar vegna Sólgarðs L152369, til samræmis við fyrirbyggjandi gögn. Breytingin er óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal grenndarkynnt.

2. Fundargerð atvinnu- og menningarnefnd - 2026 - H2602051

Fundargerðin er í 5 liðum og þarfnast einn liður afgreiðslu sveitarstjórnar:

Í lið 1. Kveldúlfur 2026 - H2604039

Lagt er fram erindi vegna tónlistarhátíðarinnar Kveldúlfs á Hjalteyri, þar sem sótt er um styrk til framkvæmdar hátíðarinnar í ágúst 2026.

Atvinnu- og menningarnefnd tekur jákvætt í erindið og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja styrkveitingu að upphæð 200.000 kr. til tónlistarhátíðarinnar Kveldúlfs á Hjalteyri.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu nefndarinnar.

3. Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar - Afgreiðslufundur - 2026 - H2602039

Fundargerðin lögð fram.

4. Skólanefnd TE - fundargerð 2026 - H2605015

Fundargerðin lögð fram ásamt skóladagatali TE 2026-2027.

5. Aðalfundur Norðurorku - 2026 - H2603045

Fundargerðin lögð fram.

6. Fundargerð Norðurorka - stjórn - 2026 - H2602024

Fundargerðin lögð fram.

7. Fundargerð SÍS - 2026 - H2602035

Fundargerðin lögð fram.

8. Fundargerð almannavarnarnefndar - 2026 - H2605021

Fundargerðin og ársreikningur 2025 lögð fram.

9. Hafnarsamlag Norðurlands - aðalfundur 6.5.2026 - H2605023

Fundargerðin lögð fram.

10. Álfasteinn - innritunarrelgur 2026 - H2605014

Tillögur að breytingum lagðar fram, en breytingin varðar 3. grein.

Sveitarstjórn samþykkti innritunarreglurnar með áorðnum breytingum.

11. Reiðstígur - Hraukbæjarkot - afnotasamningur - H2605024

Drög að samningi varðandi land undir reiðveg lögð fram.

Lögð fram til afgreiðslu drög að samningi milli Hörgársveitar og landaeiganda að Hraukbæjarkoti L-152502 er varðar afnot af landspildu undir reiðveg samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Sveitarstjórn samþykkti samninginn.

12. Fjárrétt - Grjótgarður - afnotasamningur - H2605025

Drög að samningi varðandi afnotarétt fyrir skilarétt lögð fram.

Lögð fram til afgreiðslu drög að samningi milli Hörgársveitar og landaeiganda að Grjótgarði L-152493 er varðar afnot af landi fyrir skilarétt.

Sveitarstjórn samþykkti samninginn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:05

Skráning á póstlista fréttabréfsins

